

d.

344. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1916 og 1917.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir farið yfir frv. og borið það saman við LR. fyrir árin 1916 og 1917 og hefir eigi orðið annars vör, en að frv. sje rjett tekið eftir þeim reikningum, og með því að yfirskoðunarmenn telja LR. fyrir þessi ár reikningslega rjettan, ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frv. þetta óbreytt.

Á sjerstöku þingskjali kemur nefndin með þær tillögur, sem hún vill ráða hv. deild til að samþykkja út af LR. og lúta að síðari tímum, en í áliti þessu mun verða drepíð á nokkur atriði, sem nefndinni þykir ekki ástæða til, að deildin geri ályktun um, en tillögur yfirskoðunarmanna gefa tilefni til að hreyfa.

1916.

I. Tekjubálkurinn.

9.

Það virðist mega líta svo á, samkvæmt till. um 6. aths. 1917, að yfirskoðunarmenn hafi fallið frá till. sinni.

II. Útgjaldabálkurinn.

43.

Eftir þeirri reglu, sem yfirleitt hefir verið fylgt, verður nefndin að vera stjórninni samdóma um, að hjer þurfi eigi aukafjárveitingar.

58.

Meðan áætlun um tekjur og gjöld bæjarsíma Reykjavíkur er ekki tekin upp í fjárlögin, getur eigi verið tilætlunin, að tekjur hans og gjöld sjeu tekin upp í LR.

82.

Nefndinni virðist, að styrkur til verklegs náms eigi ekki að falla niður.

85.

Það sýnist ekki ástæða til aukafjárveitingar fyrir þessum 18 kr. 52 au.

91.

Nefndin getur eigi fallist á skoðun yfirskoðunarmanna.

92.—98.

Það sjest eigi, að nauðsyn sje á aukafjárveitingum út af þessum aths. Að öðru leyti vísast til áðurnefndra tillagna nefndarinnar.

122.

Nefndin fellst á aðgreining rikissjóðs og viðlagasjóðs.

1917.

I. Tækjubálkurinn.

1.

Eftirstöðvarnar eru fyrir löngu innheimtar.

2.

Því virðist svarað á fullnægjandi hátt, sem um er spurt, og fær nefndin því eigi skilið forsendur till. yfirskoðunarmanna.

4.

Hjeðan af mun naumast hægt að segja leigunni upp, og virðist því verða að standa við svo búið.

6.

Nefndin er yfirskoðunarmönnum sammála.

10.

Sömuleiðis.

II. Útgjaldabálkurinn.

21.

Að athuguðum öllum ástæðum sjer nefndin ekki ástæðu til, að Alþingi geri ályktun út af þessari aths.

25.

Vísast til þess, sem sagt er um aths. 58 1916.

28.

Vísast til aths. 92—98 1916.

29.

Það mun eigi vera venja yfirskoðunarmanna að fá fylgiskjöl með öllum reikningum, en þess er að vænta, að þeir fái þau skjöl ætíð er þeir óska.

Að því leyti, sem nauðsyn þykir til bera, mun verða gerð nánari grein fyrir afstöðu nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 11. ág. 1919.

Magnús Guðmundsson,
form., framsögum.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

H. J. Kristófersson. Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.